



## Græðlingaræktun

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að nemendur kynnist því hvernig nýjar plöntur verða til við að láta græðlinga mynda rætur. Ljós, vatn og hiti kveikir líf í greininni. Eflir leikni í vinnubrögðum og eykur hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsgreinar: Sampætting, náttúrufræði og lífsleikni.

Miðstig og elsta stig.



### VERKLÝSING

Hægt er að taka græðlinga af mörgum lauftrjám, einkum víðtegundum og ýmsum runnategundum. Ýmist eru græðlingar teknir seinni hluta vetrar eða að sumarlagi. Stiklinga af rífsi og stikilsberjum þarf helst að taka á sumrin og stinga í ræktunarjarðveg til að á þá vaxi rætur. Annars eru yfirleitt notaðir vetrargræðlingar eins og fyrir ösp, ýmsar víðitegundir og sólber. Þessa vinnu má hefja eftir páska, safna efninu og setja í vatn eða sand, eða beint í mold.

Hafi ekki verið búið að ákveða hvar eigi að setja græðlingana má grafa holur fyrir þá og setja húsdýraáburð undir, stinga þeim beint í jörðina, setja í beð eða pott. Víðir og berjarunnar henta vel til að búa til fallega skógarjaðra. Þar fá þeir skjól frá trjánum og mikla birtu. Berjarunnar eiga auðveldara með að þroska berin ef þeir fá ríkulega birtu.

### UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Greinaklippur, vatnsfata, málband, víðipöntur (s.s. körfuvíðir), berjarunnar svo sem sólber, rífs eða stikilsber sem þarf að grisja eða má taka innan úr.